



859. fundur stjórnar GSÍ, 17. febrúar 2015, kl.17:00 haldinn á skrifstofu GSÍ Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Sverrisson, Kristín Guðmundsdóttir, Bergþóra Sigmundsdóttir, Theódór Kristjánsson, Gylfi Kristinsson og Jón Júlíus Karlsson. Þá sat fundinn Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri og skráði hann fundargerð.

1. Fundargerðir

Lögð fram fundargerð frá 20. janúar 2015 og þær samþykktar og hún undirrituð.

2. Samráðsfundur með golfklúbbum

Haukur Örn fór yfir helstu málefni sem fram komu á fundi sem haldinn var í golfskála Golfklúbbsins Odds, 10. febrúar s.l. Farið var í skipulag stefnumótunar og klúbburinn hvattur til að senda fulltrúa í verkefnahópa sem fjalla um einstaka þætti stefnumótunarinnar.

Þá ræddu forystumenn klúbbsins um stöðu klúbbsins gagnvart sveitarfélaginu og eigendum vallarins.

Þá var rætt um vottunarmál og að GEO umhverfisvottun vallarins gæti nýst klúbbnum vel í samningaviðræðum við eigendur vallarins sem og sveitarfélagið.

Golfklúbburinn Oddur hefur ákveðið að hefja breytingar á teigamerkingum vallarins og voru þau mál jafnframt rædd á fundinum sem og undirbúningur fyrir Evrópumót kvenna sem fer fram á Urriðavelli í júlí 2016.

3. Útgáfumál sambandsins

Eins og samþykkt var á síðasta stjórnarfundum var ákveðið að færa útgáfu tímaritsins Golf á Íslandi inná skrifstofu GSÍ og framkvæmdastjóra falið að auglýsa starfið í samráði við útgáfunefnd. Forseti og framkvæmdastjóri ræddu síðan við umsækjendur og að þeim viðtölum loknum var ákveðið að bjóða Sigurði Elvari Þórólfsyni starfið. Samningar tókust við hann og mun Sigurður Elvar hefja störf hjá GSÍ 1. mars n.k. Eins og kom fram á síðasta stjórnarfundum er ætlunin að tengja betur saman útgáfu Golf á Íslandi við golf.is og er það eitt af þeim verkefnum sem nú verður unnið að.

4. Mál fyrir dómstólum GSÍ

Björgvin Þorsteinsson hrl. hefur fyrir hönd Gunnars Jónssonar áfrýjað niðurstöðu dómstóls GSÍ frá 27. janúar s.l. þar sem hann krefst þess að úrskurði dómstóls GSÍ í máli Gunnars gegn mótsstjórn í sveitakeppni drengja 2014, verði hrundið og lagt fyrir dómstól GSÍ að leggja efnisdóm á málið.

Rúnar S. Gíslason dómsformaður áfrýjunardómstóls GSÍ óskaði eftir því að Þórir Bragason varamaður í dómstólum taki sæti í áfrýjunardómstólum í stað Guðmundar Friðriks Sigurðssonar og að stjórn GSÍ tilnefndi einn fulltrúa í dómstólinn þar sem Þorsteinn Sv. Stefánsson hefur óskað eftir að víkja sæti úr dómstólum vegna persónulegra ástæðna. Stjórn sambandsins samþykkti að skipa



Þórð Ingason landsdómara sem þriðja dómara í áfrýjunardómstólinn.

5. Heiðranir á vegum GSÍ

Í tilefni af 40 ára afmæli Golfklúbbs Öndverðaness var samþykkt í samræmi við reglur um heiðursveitingar GSÍ að heiðra eftirtalda félaga klúbbsins:

Einar Einarsson, heiðursfélagi klúbbsins og hefur starfað fyrir klúbbinn um áratugaskeið, gullmerki GSÍ.

Hafdís Helgadóttir, varaformaður, gjaldkeri og stjórnarmaður um áratuga skeið í golfklúbbum, gullmerki GSÍ.

Örn Karlsson, fyrrverandi formaður, starfsmaður klúbbsins og frumkvöðul að stækkun vallarins í 18 holur, gullmerki GSÍ.

Guðmundur Ebeneser Hallsteinsson formaður og fyrrum stjórnarmaður klúbbsins, silfurmerki GSÍ.

Knútur Kristinsson, stjórnarmaður, silfurmerki GSÍ.

6. Evrópumót kvenna 2016

Samþykkt var að skipa framkvæmdanefnd til undirbúnings Evrópumóts kvenna 2016. Í nefndinni eiga sæti frá GSÍ, Haukur Örn, Eggert, Kristín, Bergþóra og Jón Júlíus. Golfklúbburinn Oddur skipar síðan 3-4 fulltrúa í nefndina. Boðað verður til fundar í nefndinni í samráði við GO.

7. Stefnumótun GSÍ, framgangur

Eggert gerði grein fyrir vinnu stefnumótunarhópa sem skipaðir voru til að fylgjast með framkvæmd og sjá um eftirfylgni þeirra markmiða sem sett eru fram í stefnunni. Samþykkt er að hóparnir geri grein fyrir helstu niðurstöðum á stjórnarfundi í apríl og þá liggi jafnframt fyrir forgangsröðun þeirra verkefna og hugmynda sem fram hafa komið í hverjum málaflokki.

8. Stigskipting golfvalla

Theódór kynnti erindi sem hann fór með á fundi vallarstjóra fyrr í mánuðinum. Þar ræddi Theódór um mikilvægi þess að setja upp gæðastaðal fyrir golfvelli landsins og þýðingu þess fyrir klúbbana í samningum við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila. Þá yrði slíkur gæðastaðall mikilvægt tæki fyrir GSÍ til að ákvarða val valla fyrir hin ýmsu verkefni. Til að undirstrika mikilvægi þess að klúbbarnir geti haldið stór verkefni benti Theódór á að Golfklúbburinn Leynir hefði fengið fimm milljónir til að undirbúa Íslandsmót í golfi í sumar úr sjóðum Menntamálaráðuneytis á þeirri forsendu að völlurinn yrði að uppfylla allar kröfur sem GSÍ gerir til klúbba um framkvæmd Íslandsmóts.

Forseta og framkvæmdastjóra falið að óska eftir fundi með Íþróttamálaráðherra þar sem rætt verði um frekari stuðning opinberra aðila við uppbyggingu golfvalla á Íslandi.

9. Afrekssjóður ÍSÍ

Lögð var fram úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ. Á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ var samþykkt tillaga úr Afrekssjóði ÍSÍ og



hlaut GSÍ 4,6 milljónir í heildarstyrk sem skiptist þannig að í A-landslíðsverkefni var úthlutað 3,5 milljónum, en í unglíðslíðsverkefni 1,1 milljón.

10. Íþróttabing 17.-18. apríl

Lagt fram boð ÍSÍ á 72. Íþróttabing sem fram fer 17.-18. apríl n.k. Samkvæmt útreikningum ÍSÍ hefur GSÍ rétt á að tilnefna sjö fulltrúa á þingið.

11. Önnur mál

- Teigamál. Í framhaldi af samþykkt formannafundar um að hugað yrði að breytingum á teigamerkingum á golfvöllum í samræmi við þær hugmyndir sem kynntar voru á fundinum, samþykkti stjórn að skipa nefnd til að hefja undirbúning og leita samráðs um framkvæmd þess. Samþykkt var að Haukur Örn leiði nefndina og í henni sitji Jón Júlíus og Hörður auk þess sem óskað verður eftir því að fulltrúar þeirra klúbba sem þegar hafa lýst vilja til að fara í verkefnið tilnefni aðila í nefndina, en það eru GO, GG og GA.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:15.